

## Jóhanna Steinþóra Gústavsdóttir

**MS-ritgerð:** Afturskyggn rannsókn á lyfja- og fíkniefnaeitrunum sem komu til meðferðar á bráðamóttökum Landspítala árið 2018

**Höfundur:** Jóhanna Steinþóra Gústavsdóttir er fædd 7.mars 1992 á Akranesi. Hún er alin upp í Grundarfirði og bjó þar þangað til hún fór í menntaskóla. Hún lauk stúdentsprófi frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði árið 2011 og hóf svo nám í lyfjafræði við HÍ árið 2015. Hún lauk BS prófi vorið 2018 og um haustið hóf hún meistaranám í lyfjafræði sem hún lýkur í júní næstkomandi. Áhugi hennar á lyfjafræði kom til

þegar hún hóf störf í apóteki árið 2013. Hún starfar enn í apóteki og mun starfa þar sem lyfjafræðingur að lokinni útskrift. Hún hefur mikinn áhuga á klínískri lyfjafræði og stefnir á klínískt nám í lyfjafræði í framtíðinni. Sambýlismaður Jóhönnu er Orri Gunnarsson, sjúkraþjálfari og saman eiga þau soninn Gunnar Kára 1 árs

**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Eitranir af völdum lyfja og fíkniefna er umfangsmikið lýðheilsuvandamál og ein algengasta orsök innlagna á bráðamóttökum um allan heim. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna umfang lyfja- og fíkniefnaeitrana á bráðamóttökum Landspítala árið 2018. Alls voru 757 komur á bráðamóttökum Landspítala vegna lyfja- og fíkniefnaeitrana. Karlar voru hlutfallslega með fleiri komur en konur og flestir sem komu voru á aldursbilinu 20-29 ára. Algengustu ástæður eitrana voru vegna sjálfseitrana. Lyfjaeitranir vegna sjálfsvígstílauna voru algengari meðal kvenna og fíkniefnaeitranir og blandaðar eitranir vegna misnotkunar voru algengari meðal karla. Niðurstöður rannsóknarinnar samræmist fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið á eitrunum á Íslandi, þó merkja megi aukningu á eitrunum af völdum róandi lyfja, verkjalyfja af flokki ópíóíða og örvandi lyfja.

